

47. sveitarstjórnarfundur Fljótsdalshrepps, aukafundur , Végarði 13.10 2017 kl. 9.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Kjörskrá fyrir alþingiskosningar 28. október 2017

2. Rekstur Laugarfellsskála

3. Umhverfis-og verkefnastyrkir 2018, drög að reglum

4. Samstarf sveitarfélaga á starfssvæði Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs

5. Bréf

- a) Umhverfis-og auðlindaráðuneytið dags. 26.09 2017
- b) Náttúruverndarsamtök Austurlands dags. 04.10 2017

6. Fjárbeiðnir

- a) Gunnarsstofnun, Útgáfufélag Glettings o.fl.
- b) Skáksamband Austurlands
- c) ÚÍA

7. Fundargerðir

- a) 4.fundur um húsnæðisáætlun fyrir Austurland 03.10 2017
- b) Almannaþingarnefnd Múlasýslna 03.10 2017

8. Önnur mál

- 1. Kjörskrá fyrir alþingiskosningar 28. október 2017.** Kjörskrá yfirfarin og samþykkt. Á kjörskrá eru 67, 25 konur og 42 karlar. Oddvita falið að undirrita kjörskrána og leggja hana fram. Oddvita jafnframt falið að gera breytingar á kjörskrá ef einhverjar rökstuddar athugasemdir koma fram, fram að kjördegi.
- 2. Rekstur Laugarfellsskála.** Highland Hostel.ehf óskar eftir fundi með sveitastjórn um áframhaldandi samning um rekstur Laugarfells. Samþykkt að bjóða rekstraraðilum Laugarfellsskála, þeim Páli Guðmundi Ásgeirssyni og Hildi Einarsdóttur til næsta fundar sveitarstjórnar, sem er í byrjun nóvember.
- 3. Umhverfis-og verkefnastyrkir 2018, drög að reglum.** Samþykktar nýjar reglur fyrir árið 2018.

4. **Samstarf sveitarfélaga á starfssvæði Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs.** Sveitarstjórn sammála um að taka þátt í starfshópi sveitarfélaganna. Oddviti skipaður fulltrúi Fljótsdalshrepps í hópnun.

5. Bréf

- a) **Umhverfis-og auðlindaráðuneytið dags. 26.09 2017.** Óskað er eftir tilnefningu á varamönnum til setu í Svæðisráði Vatnajökulspjóðgarði rekstrarsvæði 2, Fljótsdalshreppur og Fljótsdalshérað tilnefna sameiginlega þrjá varamenn. Lárus Heiðarson tilnefndur varamaður fyrir hönd Fljótsdalshrepps .
- b) **Náttúruverndarsamtök Austurlands dags. 04.10 2017.** Varðar stefnu í notkun plastumbúða. Kynnt.

6. Fjárbeiðnir

- a) Gunnarsstofnun, Útgáfufélag Glettings o.fl. Samþykktur styrkur kr 50 þús, vegna afmælistálfings 4. Nóvember, til heiðurs Páli Pálssyni frá Aðalbóli sjötugum.
- b) Skáksamband Austurlands. Samþyttur styrkur kr 10 þús, vegna firmakeppni 2017 í hraðskák.
- c) ÚÍA. Samþykkt ósk um að styrkja ÚÍA um kr 200 á íbúa, árið 2018.

7. Fundargerðir

- c) 4.fundur um húsnæðisáætlun fyrir Austurland 03.10 2017. Kynnt.
- d) Almannaþingarnefnd Múlasýslna 03.10 2017. Kynnt

8. Önnur mál

- a) Í samstarfi við Brunavarnir á Austurlandi verður síðar í haust , haldinn í Végarði opinn íbúafundur um eldvarnir á heimilum og stofnunum.
- b) Fyrirhugað er að Fljótsdalshreppur sækir um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamanna árið 2018 , vegna framkvæmda á Hengifossvæðinu. Samkvæmt fréttum frá Ferðamálastofu verður einhver bið á að farið verði að fylgja á eftir Landsáætlun um uppbyggingu innviða (þar sem Hengifoss er meðal tilnefndra staða) , þannig að aðilum sem sækja vilja um styrki til uppbygginga ferðamannastaða er bent á að sækja um til Framkvæmdasjóðs ferðamanna.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.20. Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)